

Bakgrunnsathuganir eru framkvæmdar á einstaklingum á grundvelli reglugerðar um flugvernd nr. 750/2016 sbr. lög um loftferðir nr. 60/1998. Viðkomandi stofnun/fyrirtæki (beiðandi) skal sækja um bakgrunnsathugun á starfsmönnum með frumriti útfylltrar umsóknar. Skilyrði fyrir framkvæmd bakgrunnsathugunar er að samþykki frá viðkomandi aðila hafi borist ríkislögreglustjóra (RLS) eða því embætti sem RLS hefur falið framkvæmdina, sbr. 2. tl. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001.

Með umsókn skal fylgja afrit af vegabréfi eða öðru viðurkenndu skilríki einstaklings sem bakgrunnsathuga á og yfirlýsing foreldris/forsjáraðila um forsjá ólögráða einstaklings. Beiðandi skal taka afrit af skilríki og þar með staðfesta tilvist þess og að starfsmaður sé réttilegur handhafi þess og stimpla afritið því til staðfestingar.

Beiðandi skal tilkynna RLS þegar aðgangsheimild viðkomandi er ekki lengur þörf svo eftirliti með honum í málaskrá lögreglu samkvæmt framangreindu megi ljúka.

1. Fyllist út af beiðanda samkvæmt reglugerð nr. 750/2016

1.1 Umsækjandi bakgrunnsathugunar	1.2 Kt.
1.3 Nafn tengiliðar/öryggisfulltrúa	1.4 Símanúmer tengiliðar
1.5 Tölvupóstfang tengiliðar	1.6 Staða bakgrunnsathugunar Ný <input type="checkbox"/> Endurnýjun <input type="checkbox"/>
1.7 Dagsetning, undirskrift forstöðumanns og stimpill beiðanda	

2. Fyllist út af vinnuveitanda samkvæmt reglugerð nr. 750/2016

2.1 Vinnuveitandi (stofnun/fyrirtæki)	2.2 Kt.
2.3 Heimilisfang	
2.4 Nafn tengiliðar/öryggisfulltrúa	
2.5 Tölvupóstfang tengiliðar/öryggisfulltrúa	2.6 Símanúmer tengiliðar/öryggisfulltrúa
2.7 Dagsetning, undirskrift forstöðumanns og stimpill vinnuveitanda	
Upplýsingar um starfsmann sem bakgrunnsathuga á	
2.8 Nafn starfsmanns	2.9 Kennitala
2.10 Starfsheiti	2.11 Grundvöllur bakgrunnsathugunar: Áhafnapassi <input type="checkbox"/> Aðgangspassi <input type="checkbox"/>

Upplýsingar vegna bakgrunnsathugunar

Embætti ríkislögreglustjóra (RLS), Skúlagötu 21, 101 Reykjavík framkvæmir bakgrunnsathugun, eða lögregluembætti sem RLS hefur falið framkvæmdina. RLS er ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga vegna framkvæmdar bakgrunnsathugana, sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Bakgrunnsathuganir eru framkvæmdar á einstaklingum á grundvelli reglugerðar um flugvernd nr. 750/2016 sbr. lög um loftferðir nr. 60/1998. Með slíkri athugun er átt við skoðun á bakgrunni einstaklings, sem þarf starfa sinna vegna að hafa aðgang að haftasvæði flugverndar og/eða trúnaðarupplýsingum um flugvernd, til að unnt sé að leggja mat á hvort heimila eigi aðgang án fylgdar. Athugunin er 5 ár aftur í tímann, miðað við dagsetningu umsóknar, en allt að 10 árum aftur í tímann ef skoðun lögreglu 5 ár aftur í tímann gefur vísbendingar um að nauðsynlegt sé að kanna feril einstaklings frekar og lengra aftur í tímann. Athugunin felst m.a. í skoðun á viðkomandi í skráum lögreglu, þ.m.t. málaskrá lögreglu, skoðun á sakavottorði; upplýsingakerfi Interpol; upplýsingum úr Þjóðskrá; eftir atvikum fyrirspurnum til erlendra yfirvalda; skoðun hjá tollyfirvöldum; héraðsdómi og í öðrum opinberum skráum. Jafnframt er lögreglu heimilt að hafa eftirlit með skráningum bakgrunnsathugaðra einstaklinga í málaskrá lögreglu, eins lengi og aðgangsheimildir þeirra eru í gildi, sbr. reglugerð um flugvernd nr. 750/2016. Skilyrði fyrir framkvæmd bakgrunnsathugunar er að samþykki viðkomandi aðila hafi borist RLS eða því embætti sem RLS hefur falið framkvæmdina, sbr. 2. tl. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001.

Með umsókn skal fylgja afrit af vegabréfi eða öðru viðurkenndu skilríki einstaklings sem bakgrunnsathuga á og yfirlýsing foreldris/forsjáraðila um forsjá ólöggráða einstaklings.

Hafi viðkomandi verið búsettur erlendis á síðastliðnum 5 árum, skal hann leggja fram viðurkennt sakavottorð eða sambærileg vottorð frá erlendu stjórnvaldi þar sem hann hefur verið búsettur eða dvalið. Erlendur ríkisborgari skal leggja fram viðurkennt sakavottorð frá heimaríki eða því ríki sem viðkomandi hefur haft búsetu í, síðastliðin 5 ár, áður en hann fluttist til Íslands. Sakavottorð skal dagsett innan þriggja mánaða frá dagsetningu umsóknar.

Dugi reitir ekki fyrir upplýsingar skal bæta þeim við á auka blað og láta fylgja umsókninni. Skortur á upplýsingum sem koma hefðu þurft fram, eða misræmi í upplýsingum, hefur áhrif á trúverðugleika og mögulega á niðurstöðu bakgrunnsathugunar. RLS getur óskað frekari upplýsinga eða gagna ef tilefni þykir til, sbr. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar um flugvernd nr. 750/2016.

Beiðanda bakgrunnsathugunar sbr. reit 1.3 verður tilkynnt um niðurstöðu þegar hún liggur fyrir. Afgreiðsla umsóknar getur tekið allt að þrem mánuðum. Upplýsingar um beiðnir í vinnslu er ekki unnt að veita á afgreiðslutíma. Samþykki foreldris/forsjáraðila ólöggráða einstaklinga skal liggja fyrir í reit 9.

Upplýsingaréttur einstaklings er sætir bakgrunnsathugun

Upplýsingar sem aflað er við framkvæmd bakgrunnsathugunar eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og eingöngu af lögreglu í þeim tilgangi sem tilgreindur er. Um upplýsingarétt einstaklings sem sætir bakgrunnsathugun fer samkvæmt 8. og 9. gr. reglugerðar um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001, sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

3. Persónuupplýsingar fyllist út af viðkomandi starfsmanni		
3.1 Fullt nafn		3.2 Kennitala (10 tölur)
3.3 Ríkisfang	3.4 Fyrri/annað ríkisfang (ef við á)	3.5 Útgáfudag. íslensks ríkisfangs
3.6 Lögheimili (sé búseta önnur skal hún einnig tilgreind)		3.7 Póstnúmer og bæjarfélag
3.8 Tölvupóstfang		3.9 Símanúmer
3.10 Upplýsingar um búsetu erlendis í eitt ár eða lengur á undanförunum 5 árum. Tilgreinið land og tímabil búsetu. Séu upplýsingar skráðar í þennan reit skal jafnframt fylla út viðaukann (Annex 1), reiti 10-11, vegna athugunar hjá viðeigandi yfirvöldum erlendis.		

--

4. Refsivert athæfi á Íslandi eða erlendis	
4.1 Hefur þú hlotið dóm, gert dómsátt eða hlotið lögreglustjórasett, verið ákærð/ur vegna refsibrota eða bíður þú málsmeðferðar í opinberu máli (hér á landi eða erlendis)?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
4.2 Ert þú eða hefur þú verið í samskiptum við einstaklinga, hópa eða stofnanir sem tengjast skipulagningu eða framkvæmd á skipulagðri glæpastarfsemi, fíkniefnamisferli, njósna eða skemmda- eða hryðjuverka?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
4.3 Ef merkt er við já í einhverjum af ofantöldum reitum skal gefa nánari upplýsingar:	

5. Starfsferill - Upplýsingar um fyrri störf undanfarin 5 ár		
5.1 Núverandi vinnuveitandi	5.2 Starfsheiti	5.3 Frá (ár)
5.4 Fyrrverandi vinnuveitandi	5.5 Starfsheiti	5.6 Frá - til (ár)
5.7 Fyrrverandi vinnuveitandi	5.8 Starfsheiti	5.9 Frá - til (ár)

6. Námsferill			
6.1 Menntastofnun	6.2 Nám	6.3 Gráða	6.4 Frá - til (ár)
6.5 Menntastofnun	6.6 Nám	6.7 Gráða	6.8 Frá - til (ár)
6.9 Menntastofnun	6.10 Nám	6.11 Gráða	6.12 Frá - til (ár)

7. Aðrar upplýsingar
Ef þú telur þig búa yfir öðrum upplýsingum sem gætu haft áhrif á niðurstöður bakgrunnsathugunar upplýsist það hér.

--

8. Yfirlýsing starfsmanns

Ég staðfesti hér með að ég hef lesið og skilið „Upplýsingar vegna bakgrunnsathugunar“ hér að framan og að ég samkvæmt bestu vitund hef svarað spurningum þessarar umsóknar. Með undirritun minni samþykki ég að undirgangast þá athugun sem til þarf við mat á persónuhögum mínum vegna þessarar beiðni um bakgrunnsathugun. Ég undirrituð/undirritaður heimila hér með RLS, eða því lögregluembætti sem RLS hefur falið framkvæmdina, að framkvæma bakgrunnsathugun þ.m.t. athugun á fullu sakavottorði, málaskrá lögreglu og öðrum opinberum skráum svo votta megí að ég sé áreiðanleg/áreiðanlegur og traustsins verður/traustsins verð. Mér er ljóst að bakgrunnsathugun þessi er nauðsynleg til þess að ég fái aðgang að trúnaðarupplýsingum eða viðkvæmum starfssvæðum. Slíks aðgangs er þörf vegna starfsskyldu minnar og mér er ljóst að hann er háður viðunandi niðurstöðum bakgrunnsathugunar. Með undirritun minni heimila ég lögreglu að hafa eftirlit með skráningum mér tengdum í málaskrá lögreglu, eins lengi og aðgangsheimild mín er í gildi en eigi lengur en 5 ár frá dagsetningu undirritunar minnar. Með undirskrift minni heimila ég jafnframt að bakgrunnsathugun sé framkvæmd eins oft og þurfa þykir á meðan störf mín eða aðgangsheimild krefst slíks.

8.1 Staður og dags.

8.2 Fullt nafn

8.3 Kennitala (10 tölur)

9. Yfirlýsing foreldris/forsjáraðila vegna ólögráða einstaklings

Ég undirrituð/undirritaður veiti hér með samþykki mitt að ofanskráður einstaklingur sæti bakgrunnsathugun hjá Ríkislögreglustjóra (RLS), eða því lögregluembætti sem RLS hefur falið framkvæmdina, á grundvelli reglugerðar um flugvernd nr. 750/2016, sbr. lög um loftferðir nr. 60/1998. Ég staðfesti hér með að ég hef lesið og skilið “Upplýsingar vegna bakgrunnsathugunar” vegna bakgrunnsathugunar og samþykki að viðkomandi undirgangist þá athugun sem til þarf við mat á persónuhögum hans/hennar vegna aðgangs að haftsvæði flugverndar í samræmi við fyrrnefnda reglugerð. Með undirritun minni heimila ég lögreglu að hafa eftirlit með skráningum honum/henni tengdum í málaskrá lögreglu, eins lengi og aðgangsheimild hans/hennar er í gildi en eigi lengur en 5 ár frá dagsetningu undirritunar minnar. Með undirskrift minni heimila ég jafnframt að bakgrunnsathugun sé framkvæmd eins oft og þurfa þykir á meðan störf hans/hennar eða aðgangsheimild krefst slíks.

9.1 Staður og dags.

9.2 Fullt nafn

9.3 Kennitala (10 tölur)

9.4 Lögheimili (sé búseta önnur skal hún einnig tilgreind)

9.5 Tölvupóstfang

9.6 Símanúmer

Annex 1

Sé um búsetu erlendis sbr. reit 3.10 eða annað en íslenskt ríkisfang að ræða skal fylla út þennan viðauka vegna mögulegrar bakgrunnsathugunar erlendra yfirvalda.

Sé um fleiri en eitt ríki að ræða skal fylla út nýjan viðauka fyrir hvert ríki.

Permission for Background Check

10. Personal information	
10.1 Full name	
10.2 Date and place of Birth	
10.3 Nationality	10.4 Previous nationality (if applicable)
10.5 Address abroad	

11. Signature
The undersigned hereby gives the appropriate Foreign Authorities (including NSA) permission to conduct a background check to determine suitability for employment. Continuous background check is permitted for as long as the individual's duties require so.
11.1 Place and date
11.2 Signature of person subject to background check
11.3 Place and date
11.4 Signature of Legal Guardian

Restricted (when completed)

Leiðbeiningar með umsókn um bakgrunnsathugun á ólögráða einstakling

Reglugerð nr. 750/2016

1. Eftirfarandi reitir fyllast út af umsækjanda bakgrunnsathugunar, til þess bæru yfirvaldi, stofnun/fyrirtæki.	
Sé óskað bakgrunnsathugunar vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar er rekstraraðili flugvallar beiðandi, sé óskað bakgrunnsathugunar vegna útgáfu áhafnapassa er flugrekandi bæði beiðandi (reitir 1) og vinnuveitandi (reitir 2). Mælst er með að beiðandi fylli út reiti í kafla 1 (1.1–1.7) áður en starfsmaður fyllir í aðra reiti umsóknarinnar.	
1.1 til 1.7	Gefa skal upp heiti, kennitölu og heimilisfang beiðanda, tengilið og netfang ef þörf er á frekari upplýsingum. Merkja skal við hvort um endurtekna eða fyrstu bakgrunnsathugun er að ræða. Beiðandi skal undirrita og stimpla umsókn. Komi umbeðnar upplýsingar fram á stimpli er ekki þörf á að fylla út þá reiti umsóknarinnar. Sé beiðandi bakgrunnsathugunar og vinnuveitandi sami aðili er ekki þörf á að fylla út reiti 1.1 til 1.7 að öðru leyti en að stimpla með stimpli beiðnanda og vísa í reiti 2. Þó skal ávallt fylla út reit 1.6.
2. Eftirfarandi reitir fyllast út af vinnuveitanda þess starfsmanns sem bakgrunnsathuga á	
Mælst er með að vinnuveitandi fylli út reiti í þessum kafla (2.1–2.11) áður en starfsmaður fyllir í aðra reiti umsóknarinnar.	
2.1 til 2.7	Gefa skal upp heiti, kennitölu og heimilisfang vinnuveitanda starfsmanns sem sætir bakgrunnsathugun. Tengilið vinnuveitanda, netfang og símanúmer ef þörf er á frekari upplýsingum. Vinnuveitandi skal undirrita og stimpla umsókn. Komi umbeðnar upplýsingar fram á stimpli er ekki þörf á að fylla út þá reiti umsóknarinnar.
Vinnuveitandi skal veita grunnupplýsingar um þann starfsmann sem bakgrunnsathuga á	
2.8 2.9	Fullt nafn og kennitölu (10 tölur) starfsmanns sem óskað er bakgrunnsathugunar á.
2.10	Starfsheiti þess sem bakgrunnsathuga á eða stutt lýsing á starfi.
2.11	Merkja skal við hvort bakgrunnsathugunar er óskað á grundvelli útgáfu aðgangspassa að haftasvæði flugverndar (eða aðgangs að trúnaðarupplýsingum um flugvernd) eða útgáfu áhafnapassa.
3. Persónuupplýsingar fyllist út af viðkomandi starfsmanni	
3.1 3.2	Fullt nafn og kennitala viðkomandi. Hafi viðkomandi skipt um nafn skal eldra nafns getið.
3.3	Núverandi ríkisfang. Einungis skal gefa upp eitt ríkisfang í þessum reit. Sé viðkomandi með tvöfalt ríkisfang, skal annað ríkisfangið gefið upp í reit 2.4.
3.4	Fyllist út ef viðkomandi hefur haft annað ríkisfang eða hefur tvöfalt ríkisfang.
3.5	Fyllist út ef viðkomandi hafi ekki fæðst íslenskur ríkisborgari en fengið síðar íslenskt ríkisfang.
3.6	Lögheimili viðkomandi eins og það er skráð í Þjóðskrá. Ef búseta er önnur skal hún tilgreind. Taka skal skýrt fram hvort heimilisfangið skal nota þurfi að senda upplýsingar til viðkomandi.
3.7	Póstnúmer og bæjarfélag lögheimilis og búsetu (ef við á).
3.8	Tölvupóstfang viðkomandi þurfi að hafa samband við hann vegna bakgrunnsathugunar.
3.9	Símanúmer viðkomandi þurfi að hafa samband við hann vegna bakgrunnsathugunar.
3.10	Hafi viðkomandi haft búsetu erlendis á undanförunum 5 árum skal það tilgreint. Tilgreina skal land og tímabil búsetu. Sé reitur 3.10 fylltur út skal jafnframt fylla út viðauka 1 (Annex 1). Hafi viðkomandi dvalið í fyrrgreindan tíma í fleiri en einu erlendu ríki skal fylla út einn viðauka fyrir hvert ríki.

Leiðbeiningar með umsókn um bakgrunnsathugun á ólögráða einstakling

Reglugerð nr. 750/2016

4. Refsivert athæfi á Íslandi eða erlendis	
4.1	Merki viðkomandi við JÁ í þessum reit skal það útskýrt frekar í reit 4.3. Hér er bæði átt við um atvik héraðs og erlendis.
4.2	Telji viðkomandi sig tengjast eða hafa tengst ólöglegri starfsemi á einhvern máta skal það upplýst. Merki viðkomandi við JÁ í þessum reit skal það útskýrt frekar í reit 4.3. Hér er bæði átt við um atvik héraðs og erlendis
4.3	Ef merkt er við JÁ í reiti 4.1 og/eða 4.2 skal gefa nánari upplýsingar hér. Sé reitur ekki nægur skal bæta upplýsingum á aukablað og láta fylgja með.

5. Starfsferill - Upplýsingar um fyrri störf	
Gefa skal upp vinnuveitendur undanfarinna 5 ára, séu reitir ekki nægir skal upplýsingum bætt á aukablað og látið fylgja með	
5.1	Heiti núverandi vinnuveitanda.
5.2	Starfsheiti viðkomandi hjá núverandi vinnuveitanda.
5.3	Ár sem viðkomandi hóf störf hjá núverandi vinnuveitanda.

6. Námsferill	
Gefa skal upp menntun eftir grunnskólagöngu, byrja skal upptalninguna á nýjustu menntun. Séu reitir ekki nægir skal upplýsingum bætt á aukablað og látið fylgja með	
6.1	Heiti menntastofnunar.
6.2	Heiti náms eða tegund menntunar.
6.3	Prófgráða.
6.4	Námstími.

7. Aðrar upplýsingar	
7	Telji viðkomandi sig búa yfir upplýsingum um sig sem ekki hafa komið fram á umsókninni, er hann telur að kunni að hafa áhrif á öryggismat og öryggishæfi sitt, skal það tilgreint.

8. Yfirlýsing starfsmanns	
Einstaklingur sem óskað er bakgrunnsathugunar á skal undirrita yfirlýsingu vegna framkvæmdarinnar	
8.1 8.3	Viðkomandi skal undirrita staðfestingu þess efnis að hann hafi lesið og skilið <i>Upplýsingar vegna bakgrunnsathugunar</i> á forsíðu umsóknarinnar. Með undirskrift sinni heimilari viðkomandi RLS að framkvæma bakgrunnsathugun á sér, þ.m. athugun á fullu sakavottorði, málaskrá lögreglu og öðrum opinberum skrá, að vöktun sé á skráningum honum tengdum í lögreglukerfinu. Þá heimilari hann jafnframt með undirskrift sinni að bakgrunnsathugun sé framkvæmd eins oft og þurfa þykir á meðan störf viðkomandi krefjast og vöktun í Lögreglukerfinu. Einnig þarf að liggja fyrir heimild foreldris/forsjáraðila í reit 9.

9. Yfirlýsing foreldris/forsjáraðila vegna ólögráða einstaklings	
Sé einstaklingur sem óskað er bakgrunnsathugunar á ólögráða einstaklingur, skal foreldri/forsjáraðili heimila framkvæmdina.	
9.1 til 9.3	Foreldri/forsjáraðili skal undirrita staðfestingu þess efnis að hann hafi lesið og skilið <i>Upplýsingar vegna bakgrunnsathugunar</i> á forsiðu umsóknarinnar. Með undirskrift sinni heimilar viðkomandi lögreglu að framkvæma bakgrunnsathugun á einstaklingnum, þ.m.t. athugun á fullu sakavottorði, málaskrá lögreglu og öðrum opinberum skrá og að vöktun sé á skráningum honum tengdum í lögreglukerfinu. Þá heimilar foreldri/forsjáraðili jafnframt með undirskrift sinni að bakgrunnsathugun sé framkvæmd eins oft og þurfa þykir á meðan störf/aðgangsheimild viðkomandi krefjast og heimila lögreglu að hafa eftirlit með skráningum honum/henni tengdum í málaskrá lögreglu, eins lengi og aðgangsheimild hans/hennar er í gildi en eigi lengur en 5 ár frá dagsetningu undirritunar.
9.4	Lögheimili viðkomandi eins og það er skráð í Þjóðskrá. Ef búseta er önnur skal hún tilgreind. Taka skal skýrt fram hvort heimilisfangið skal nota þurfi að senda upplýsingar til viðkomandi.
9.5	Tölvupóstfang forráðamanns þurfi að hafa samband við hann vegna bakgrunnsathugunar.
9.6	Símanúmer forráðamanns þurfi að hafa samband við hann vegna bakgrunnsathugunar.

Tilkynning um niðurstöður	
<p>Við framkvæmd bakgrunnsathugunar getur lögregla boðað einstaklinga í viðtal sé ástæða til sem og af handahófi. Í viðtali gefst viðkomandi tækifæri á að koma fram upplýsingum sem lögreglu ber að taka tillit til við öryggismat á hæfi einstaklings. Lögreglan getur veitt neikvæða umsögn án þess að til viðtals komi séu upplýsingar um einstakling þess eðlis.</p> <p>Komi til viðtals mun lögregla hafa beint samband við forráðamann þess ólögráða einstaklings sem bakgrunnsathugaður er, sbr. netfang, símanúmer eða heimilisfang sem gefið er í 9. kafla. Upplýsingar um boðun í viðtal verða ekki tilkynntar vinnuveitanda né mun vinnuveitandi fá upplýsingar um það sem fram kann að koma í viðtalinu.</p> <p>Tilkynning um fyrirhugaða neikvæða umsögn er send á einstakling sbr. upplýsingar sem gefnar eru í 3. kafla, þar sem honum er tilkynntur andmælaréttur sinn.</p> <p>Tilkynning um neikvæða umsögn, að loknum andmælafræsti, er send vinnuveitanda auk þess sem viðkomandi er send tilkynning með upplýsingum um rétt hans til rökstuðnings og áfrýjunar.</p>	